

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t. Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stöðu minni hluthafa (24. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að Alþingi álykti um stofnun nefndar sérfróðra manna sem móta á tillögur til að styrkja stöðu minni hluthafa.*

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að styrkja stöðu og efla vernd minni hluthafa. Það skiptir miklu fyrir íslenskt atvinnulíf að minnihlutavernd sé í forgrunni hlutafélagalaga og taki mið af því sem best gerist í samanburðarlöndum okkar.

Virk minnihlutavernd er eitt grundvallarskilyrði fyrir tilvist hvers verðbréfamarkaðar þar sem hún er forsenda fyrir þátttöku stórs hluta fjárfesta á þeim mörkuðum. Með því að standa vörð um minni hluthafa er mikilvægur grunnur lagður að því að auka það framboð fjármagns sem fyrirtækjum stendur til boða á hverjum tíma. Núverandi árferði ber þess glögggt merki að viðskipti einstaklinga og minni fyrirtækja með verðbréf eru veigamikil lífæð fjármagns, sem áriðandi er að endurreisa sem fyrst. Aukin tiltrú skiptir þar mestu og þar getur vinna sem þessi verið þýðingarmikill liður.

Hlutafélagalöggjöfin hérlendis, líkt og á Norðurlöndunum, inniheldur margvísleg ákvæði er miða að vernd minni hluthafa og gengur að einhverju leyti lengra en gerist annars staðar. Þá hefur Viðskiptaráð, í samstarfi við Kauphöllina og Samtök atvinnulífsins, nýlega gefið út endurbættar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem m.a. miða að því að auka vernd hluthafa. Þó er ljóst að ávallt má gera betur og að mati Viðskiptaráðs á löggjöfin hérlendis að vera til fyrirmyndar hvað þetta varðar.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs